

Ágætu landsfundargestir, kæru félagar.

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins er sterkasta mótunarafl í stjórnámálum á Íslandi. Frá stofnun hans eða í rúm 80 ár hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið áhrifamesti stjórnámálaflokkur landsins. Og það er hér, á landsfundi, sem stefna er mótuð og það er hér sem ákvarðanirnar hafa verið teknar sem hafa haft gifturík áhrif á framtíð Íslands og Íslendinga. Höfum þetta hugfast þegar við hefjum störf okkar á þessum fundi

Saga og stefna Sjálfstæðisflokksins er samofin sögu Íslands. Hvort sem litið er til lokabaráttunnar fyrir sjálfstæði landsins, baráttunnar fyrir auðlindum okkar, uppbyggingu atvinnulífsins og aðild Íslands að NATO eftir heimsstyrjaldirnar, samstarfs við aðrar þjóðir eða mótun öflugs velferðarsamfélags, **þar** hefur

Sjálfstæðisflokkurinn ávallt staðið sterkur að baki. Og það er **okkar** hlutverk að sjá til þess að svo verði í framtíðinni.

Við Sjálfstæðismenn stöndum frammi fyrir krefjandi verkefnum, ekki bara í málefnum sem tengjast efnahag og stjórn landsins. Við verðum líka að líta heiðarlega inn á við, að skoða vegferð okkar og framtíðarsýn.

En verkefni okkar, langmikilvægasta verkefni næstu ára, er að móta nýtt íslenskt samfélag sem byggir á einstaklingsfrelsi og jafnrétti, að móta stefnu sem í **senn** styrkir atvinnulífið, reisir íslenskt efnahagslíf úr öskustónni **og** kemur í veg fyrir að þeir atburðir sem hér gerðust í hruninu geti endurtekið sig. Og alveg eins og á árum áður þá verður **þetta mikla verkefni** ekki leyst farsællega nema að Sjálfstæðisflokkurinn

standi þar **sterkur** að baki.

Núna stöndum við í svipuðum sporum og kynslóð eftirstríðsáranna, þegar miklar breytingar áttu sér stað á stuttum tíma. Næstu áratugi á eftir leiddi Sjálfstæðisflokkurinn uppbyggingu sem lagði grunninn að því samfélagi velferðar og hagsældar sem Íslendingar bjuggu við í lok tuttugustu aldarinnar.

Kraftmikil uppbygging í sjávarútvegi og nýsköpun í atvinnulífinu, efling menntunar, styrking almannatrygginga, að tryggja húsnæði og félagslegt öryggi. Allt voru þetta verkefni þeirra tíma sem eru jafn mikilvæg í dag. Viðreisn efnahagslífsins er jafnvel enn erfiðara verkefni nú en það var á sjöunda áratugnum þegar Sjálfstæðisflokkurinn tók forystu um stóriðju á Íslandi og fyrstu skrefin til

að stórefla viðskiptatengsl við nágrannabjóðirnar voru tekin með aðild að EFTA.

Þegar við lítum til framtíðar sýnast verkefni stundum óyfirstíganleg. **En nú, eins og þá** er Sjálfstæðisflokkurinn reiðubúinn að taka áskoruninni. **Nú, eins og þá**, rísum við upp og **tökumst á við vandann**, yfirstígum erfiðleikana - og leiðum Ísland fram til **bjartrar framtíðar** á sterkum grunni sjálfstæðisstefnunnar sem hefur staðið af sér **heimsstyrjaldir og heimskreppur í 80 ár**. Stefnu sem á jafnvel meira erindi við íslensku þjóðina í dag en nokkru sinni fyrr.

Því íslenska þjóðin mun byggja upp **nýja framtíð** og hún mun byggja **betri framtíð**, á þeim stöðum sem fyrri kynslóðir hafa reist; sterku velferðarkerfi, opnu og almennu menntakerfi, skýrri jafnréttishugsjón og síðast en

ekki síst á öflugu atvinnulífi sem byggir á skynsamlegri nýtingu auðlinda og hinum mikla mannauði íslensku þjóðarinnar. Þetta vitum við Sjálfstæðismenn. Sjálfstæðisstefnan hvílir á þeirri sannfæringu að ef fólk fær tækifæri til þess, finnur það leiðir til að efla hag sinn og samfélagsins alls. Sjálfstæðisstefnan er nefnilega bjartsýnisstefna. Okkar lífskoðun, okkar pólitík, miðar öll að því að virkja kraftinn í þjóðinni, gera hverjum og einum Íslendingi mögulegt að finna kröftum sínum viðnám og efla þannig sinn eigin hag og þjóðarinnar allrar um leið.

Góðir sjálfstæðismenn. Fyrir íslensku þjóðina skiptir nú öllu máli að orðum fylgi athafnir, að þau loforð sem gefin eru verði haldin. Því miður er það þannig þessa dagana að oftast eru yfirlýsingar þeirra sem stýra landinu stórar í orði

en litlar á borði.

Til þess að uppbyggingin geti hafist fyrir alvöru, til að yfirlýsingar um nýja framtíð verði eitthvað meira en innantómir frasar sem ríkisstjórnin kastar fram, þá þarf að þora að taka djargar ákvarðanir, ákvarðanir sem umbylta þeirri stöðnun sem nú ríkir í stjórnkerfinu og efnahagslífinu.

Það mikilvægasta sem efnahagur Íslands þarfnast til framtíðar er fjölbreytt og vaxandi atvinnulíf á sterkum grunni.

Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur atvinnulífsins í **víðasta skilningi** þess orðs.

Við munum styðja við bakið á stóru grunngreinunum okkar sem eru svo mikilvægar

fyrir land og þjóð. Við viljum skapa traustan rekstrargrundvöll fyrir orkufrekan iðnað **og tókum skýra stefnu gegn fyrningarleiðinni í sjávarútveginum um leið og við vinnum að endurbótum á fiskveiðistjórnarkerfinu.**

Og það má ekki gleymast að standa vörð um lítil og meðalstór fyrirtæki sem **berjast nú í bökkum** gegn efnahagssamdrætti, vonlausri samkeppnisstöðu við fyrirtæki í eigu bankanna **og síðast en ekki síst gegn** þrúgandi skattahækkunum ríkisstjórnarinnar. Þessi fyrirtæki eru gríðarlega mikilvæg fyrir framtíð efnahagslífs þjóðarinnar.

Þau mynda grunninn að þjónustu og iðnaði, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og ekki síður á landsbyggðinni, þar sem hvert starf sem tapast getur hrakið heila fjölskyldu burt úr

byggðalaginu. Þessum fyrirtækjum þarf að skapa aðstæður til að vaxa og dafna, því að **á þeim byggir atvinna, lífsafkoma og von** tugþúsunda Íslendinga.

Hjarta atvinnulífsins er fólkíð, sem knýr áfram fyrirtækin í landinu. Fólkíð er mikilvægasti hlekkurinn í framleiðslukeðjunni sem skapar þjóðinni þau verðmæti sem gera okkur kleift að byggja hér öflugt og stöðugt samfélag. Sjálfstæðisflokkurinn er og verður **bakhjarl** þessa fólks, við trúum á það að virkja kraftinn í fólkinu í landinu.

Og hvort sem um er að ræða sjómenn eða bændur, iðnaðarmenn eða sjálfstæða atvinnurekendur, forritara eða fiskverkafólk þá er **þetta fólk**íð sem Sjálfstæðisflokkurinn vinnur fyrir til að skapa verðmæti, til að skapa tekjur, til

að gera fólki kleift að eignast húsnæði á mannsæmandi kjörum, til að sjá til þess að mánaðarlaunin dugi fyrir framfærslu fjölskyldunnar, til að skapa atvinnutækifæri og standa þannig undir því öflugra velferðarkerfi sem við höfum byggt hér upp. Það kæru sjálfstæðismenn, er að vera flokkur atvinnulífsins.

Góðir Sjálfstæðismenn.

Við erum komin saman á landsfund í annað sinn frá hruninu. Við munum kjósa okkur forystu eins og endra nær á landsfundi og skerpa á áherslum okkar og stefnumálum.

Fyrir skömmu ákvað Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir að láta af störfum sem varaformaður flokksins okkar.

Ég bið ykkur um að taka undir með mér þegar ég ítreka þakkir til Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur fyrir hennar ómetanlega starf sem varaformaður fyrir Sjálfstæðisflokkinn.

Síðast liðið ár hefur verið flokknunum erfitt. Þegar ég tók við forystu fyrir Sjálfstæðisflokkinn var stuðningur við flokkinn í sögulegu lágmarki og upp hafa komið mál sem hafa gert það erfiðara að vinna traust almennings á ný. En ég vissi frá upphafi að það yrði ekki létt verk. Traustið verður ekki unnið með **einu tilsvári, einni afsögn** eða **einu frumvarpi**. Það er langtímaverkefni sem krefst þolinmæði.

Ég hef helgað mig allan þessu verkefni og ég er búinn undir langa baráttu.

Ég, eins og **við öll**, tek þátt í stjórnmalastarfi af einfaldri ástæðu: Ég **vil** gera þjóðinni gagn, og ég **veit** að mesta gagn sem við getum unnið þjóðinni er að tryggja að sjálfstæðisstefnan muni aftur njóta þess trausts sem hún hefur lengst af notið.

Fyrir ári síðan gengum við í gegnum erfiðustu kosningar í sögu Sjálfstæðisflokksins. Það ár sem liðið frá þeim kosningum hefur einkum snúist um uppgjör við fortíðina og aðdraganda bankahrunsins. Við því mátti búast.

Það getur enginn haldið því fram að við höfum ekki horfst í augu við það sem úrskaiðis fór.

Unnin var endurreisnarskýrsla sem kynnt var á síðasta landsfundi og á fundum okkar sjálfstæðismanna um land allt höfum við rætt

með gagnrýnum og uppbyggilegum hætti hvað fór úrskeiðis og hvernig hefði betur mátt standa að málum.

Við höfum viðurkennt að rammi viðskiptalífsins var ekki nægjanlega sterkur og við leyfðum ríkisbákninu að þenjast út.

Við höfum fyrir löngu gengist við ábyrgð á þessu.

En glannaskapur, lögbrot og siðleysi í viðskiptalífinu var aldrei í boði Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn átti frumkvæði að því að rannsóknarskýrslan var unnin og við tókum niðurstöðum skýrslunnar alvarlega. Ég legg áherslu á að draga lærdóm af henni. Skýrslan

er til umfjöllunar hjá þingnefnd og við tókum fullan þátt í því starfi. Jafnframt var að okkar frumkvæði komið á fót embætti sérstaks saksóknara og við höfum haft forgöngu um breyttar reglur um fjármál stjórnmalaflokka og frambjóðenda.

Mitt fyrsta verk sem formaður var reyndar að taka ákvörðun um að endurgreiða háa styrki til flokksins. Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn sem hefur endurgreitt ofurstyrki. Samfylkingin tók á móti tugmilljóna styrkjum sem hún hefur viðurkennt að hafi verið óeðlilega háir, en hefur ekki endurgreitt eina krónu.

Fyrir landsfundinum liggja tillögur viðbragðshóps þar sem horft er inn á við í flokksstarfið. Þar er lagt til að við stofnum tvær nefndir sem hafa það hlutverk að styrkja innviði flokksstarfsins okkar.

Miðstjórn hefur auk þess ákveðið að stofnuð verði Framtíðarnefnd, undir forystu Kristjáns Þórs Júlíussonar, sem ætlað er það hlutverk að endurskoða og móta áherslur í skipulagi og starfi Sjálfstæðisflokksins.

Allt þetta og miklu meira höfum við Sjálfstæðismenn gert.

En ég veit að enn eru margir sem eru ósáttir við flokkinn sinn. Ósáttir við okkar þátt í hruninu og við það hvernig okkur hefur tekist til í uppgjörinu. Ég hef fengið minn skammt af gagnrýni og hlusta eftir því sem sagt er. Ég legg allt upp úr því að eiga hreinskiptin samtöl við flokksmenn og ég kann að meta það þegar men tala hreint út við mig.

Menn hafa rætt um störf mín í viðskiptalífinu áður en ég varð formaður Sjálfstæðisflokksins.

Um þá umræðu vil ég segja þetta. Það er auðvelt í því andrúmslofti sem nú ríkir hjá þjóðinni að gera alla hluti tortryggilega. En ég hef góða og hreina samvisku, ég hef alla tíð unnið mín störf í atvinnulífinu af fullum heilindum og vandað mig sem ég hef best kunnað.

Kæru vinir.

Við höfum nú í tæp 2 ár verið að rýna í fortíðina, skoða okkar eigin verk, skoða okkar eigin stefnu. Það var nauðsynleg og óumflýjanleg vinna. En framtíðin bíður ekki eftir því að við séum tilbúin. Hún kemur bara til okkar. Ætli Sjálfstæðisflokkurinn sér að leika lykilhlutverk í því að marka stefnu þjóðarinnar til lengri tíma

litið verðum við vera tilbúin til að taka forystu að nýju. Við munum á þessum landsfundi senda skýr skilaboð til þjóðarinnar, skilaboð um að Sjálfstæðisflokkurinn hefur lært af því sem afvega fór og er tilbúinn til að veita forystu í íslensku þjóðlífi.

Góðir landsfundarfulltrúar.

Undanfarin misseri hefur farið mikið fyrir umræðu um beint lýðræði og að almenningur fái að taka þátt í ákvörðunum sem miklu skipta fyrir land og þjóð

Sjálfstæðisflokkurinn hefur stutt þennan rétt þjóðarinnar.

Skemmst er að minnast þess að á síðasta landsfundi var samþykkt að setja ætti lög um

Þjóðaratkvæðagreiðslur. Sjálfstæðisflokkurinn lagði til á Alþingi að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um Icesave málið. Einnig lögðum við til að þjóðin greiddi atkvæði um umsókn að Evrópusambandinu og Sjálfstæðisflokkurinn hefur leitt leitt samráð við íbúa í sveitarfélögum víða um landið.

Um þessi efni verður að setja skýr ákvæði í stjórnarskrá landsins. Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki samþykkt að það skuli komið undir forseta lýðveldisins einum, hvaða málum skuli skotið til þjóðarinnar.

Í þessu sambandi er nauðsynlegt að minnst þess að Sjálfstæðisflokkurinn er lýðræðislegasti flokkur landsins. Sá flokkur sem heldur stærstu prófkjörin með mestu almennu þátttökunni. Hvergi er opnara og lýðræðislegra samráð við

fólkið í landinu um það hverjir eru í framboði. Og enginn flokkur byggir stefnu sína á framlagi jafn margra og við gerum á landsfundum. Við viljum búa í samfélagi þar sem virkt lýðræði er ekki aðeins hugsjón á tillidögum, heldur hluti af hinum daglega veruleika.

En þegar rætt er um lýðræðið og framkvæmd þess verður kosningafyrirkomulagið og kjördæmaskipanin ekki undanskilin

Af samtölum mínum við fólk víða um landið skynja ég mikla óánægju með stærð landsbyggðarkjördæmanna. Mér finnst vel koma til greina að skipta kjördæmunum upp, fækka þingmönnum í hverju kjördæmi og auka áhrif kjósenda við val á einstökum frambjóðendum.

Þannig kemst á betra samband milli þingmannsins og kjósenda hans og þannig myndast það bakland sem hverjum þingmanni er nauðsynlegt til að vera sjálfstæður í störfum sínum og afstöðu.

Breytingar á íslenska kosningakerfinu þarf að gera að vel athuguðu máli. Að engu má flana. Kanna þarf alla möguleika vel og læra af reynslu annarra eftir því sem við getur átt.

Lýðræðið innan Sjálfstæðisflokksins er og á að vera í stöðugri þróun. Nú eru um 50 ár frá því að ákvörðun var tekin um að kjör formanns færi fram á landsfundi. Að minu áliti er kominn tími til að opna kjör formanns enn frekar. Ég tel að formann flokksins ættu allir skráðir Sjálfstæðismenn að geta kosið. Það væri opið og lýðræðislegt. Það færi vel á því að kjör

formanns færi fram í öllum félögum landsins tveimur vikum fyrir landsfund og kosið væri milli þeirra sem gefið hafa kost á sér. Að sjálfsgöðu yrði gerð krafa um að frambjóðendur skiluðu inn tilskildum fjölda meðmælenda og strangar reglur settar um hversu miklum fjármunum megi kosta til. En það eru tugþúsundir Íslendinga í Sjálfstæðisflokknum og við skulum nýta það afl sem í þeim fjölda býr til að velja formann Sjálfstæðisflokksins.

Kæru landsfundargestir.

Það er því miður þannig að allt of margir Íslendingar eru þjakaðir af skuldum, fjárhagsáhyggjum og vantrú á framtíðina. Vandamál fjölskyldna eru mikil og því miður hafa ríkisafskiptaflokkarnir aðeins sett fram flóknar og óraunhæfar lausnir sem **einfaldlega virka ekki**. Hversu góður sem ásetningurinn var er

staðreyndin sú að úrræðin eru ekki að gagnast fólki. Í þeim er ekkert hald.

Norræna velferðarstjórnin, sem allir sjá að stendur ekki undir nafni, verður að átta sig á því að fólk er ekki tilbúið til að fara í langar biðraðir í héraðsdóm til að fá lausn sinna mála. Það verður ekki allt leyst með nýjum opinberum stofnunum og réttarfarsúrræðum.

En þegar ríkisstjórnin bregst kemur Hæstiréttur til aðstoðar og fellir niður gengistryggingu lánasamninga. Það stóð ekki á viðbrögðum ríkisstjórnarinnar. Forsætisráðherra tók fram að réttindi lántakenda yrðu ekki skert frá því sem Hæstiréttur hafði ákveðið. Að réttindi lántakenda yrðu ekki skert frá því sem Hæstiréttur hafði ákveðið. Þetta var afar mikilvæg yfirlýsing, því allir gerðu náttúrulega

ráð fyrir því að ríkisstjórnin myndi halda áfram að vinna gegn hagsmunum heimilanna.

Skuldavandi heimilanna verður best leystur með þverpólitísku samstarfi og Sjálfstæðisflokkurinn hefur talað fyrir slíku samstarfi frá því að kosið var og stóð síðast í gær að úrbótum á lögum á þinginu. En það þarf skjótvirkari úrræði og tregða stjórnarinnar til að ræða almennari aðgerðir, t.d. svigrúm til höfuðstólsleiðréttingar, er óskiljanleg.

En hér verður einnig að minnast á ábyrgð fjármálafyrirtækjanna í landinu. Það er skilyrðislaus krafa að þeir sem véla um málefni fjölskyldnanna hafi í huga langtíma hagsmuni samfélagsins alls við þessar erfiðu aðstæður.

Það sem fjármálastofnanirnar verða að skilja er að þeirra langtímahagsmunir fara saman við hagsmuni heimilanna.

Við viljum búa í samfélagi sem gefur fólki von. Samfélagi þar sem lífsbarátta **dagsins í dag** hefur tilgang á morgun.

En til þess að framtíðarhorfur Íslendinga gefi okkur tilefni til bjartsýni verður að koma böndum á ríkisfjármálin. Þar hefur núverandi stjórn valið leið skattahækkana sem **sjálf sagan** hefur sýnt okkur að hefur **alltaf** mistekist. Við skattleggjum okkur ekki út úr kreppunni. Endalausar skattahækkanir á einstaklinga og fyrirtæki **verður** að stöðva!

Að koma lagi á ríkisfjármálin er ekki auðvelt verk en Sjálfstæðisflokkurinn er tilbúinn að takast á við það. Við ætlum ekki að velta þessum vanda á framtíðarkynslóðir.

En þótt draga þurfi úr útgjöldum er augljóst að það verður aldrei bundinn endi á kreppuna með niðurskurði. Höfuðáherslu verður að leggja á að hagkerfið taki við sér og fari að vaxa. Við þurfum að framleiða og vaxa út úr þesu ástandi.

Höfum í huga að ef störfum fækkar í opinbera geiranum er augljóst að einkageirinn verður að geta tekið á móti vinnufúsum höndum. Þar verður því að skapa ný störf.

Og atvinnutækifærin eru til staðar ! En það þarf vilja til aðbúa til 300 störf í heilbrigðisþjónustu á Suðurnesjum, reisa álver í Helguvík, hjálpa til við

stofnun fyrirtækja á sviði iðnaðar og nýsköpunar og við **verðum að auka kvótann**. Til alls þessa þarf vilja en hann er ekki að finna í ríkisstjórninni.

Öll þessi tækifæri og fjöldamörg önnur hefur ríkisstjórnin fryst eða frestað einmitt þegar þeirra er mest þörf. **Loforðið um skjaldborgina um heimilin var svikið! Jóhanna Sigurðardóttir og ríkisstjórn hennar hefur svikið íslenskan almenning**. Hin svokallaða velferðarstjórn hefur gleymt brýnasta velferðarmálinu – **atvinnuuppbyggingunni**.

Þau hafa **fengið tíma**, þau hafa **fengið umboð** og þau hafa **fengið tækifæri til að leysa vanda þjóðarinnar** og þeim hefur **mistekist**. Ríkisstjórnin hefur því miður aðeins gert vandann meiri með framtaksleysi og röngum

áherslum.

Það er löngu komið í ljós að norræna velferðaróstjórnin lofaði upp í ermina á sér. Ég veit að ég tala fyrir okkur öll hér þegar ég segi: **Þeirra tími er liðinn.**

Góðir landsfundarfulltrúar,

Á síðasta ári samþykkti Alþingi að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Kaldhæðni örlaganna réð því að umsóknin var afgreidd í Brussel á þjóðhátíðardegi okkar Íslendinga. Á fæðingardegi Jóns Sigurðssonar frá Hrafnseyri, við Arnarfjörð. Sjálfstæðisflokkurinn fór rækilega yfir evrópumálin fyrir síðasta landsfund og komst að sömu niðurstöðu og áður, að hagsmunum okkar sé vel borgið utan sambandsins.

Þeir eru til sem segja að Sjálfstæðisflokkurinn hafi misst forystu sína í utanríkismálum þjóðarinnar. Þessi fullyrðing stenst enga skoðun. Það sem sker úr um hvort flokkur hafi forystu í utanríkismálum, er ekki það hvort hann berst fyrir inngöngu í sífelld fleiri milliríkjasamtök. Forysta felst miklu fremur í staðfastri afstöðu sem stenst dóm tímans og baráttu fyrir því að Ísland skipi sér á hverri tíð þar í sess meðal þjóða sem skapar landsmönnum mesta farsæld.

Afstaða Sjálfstæðisflokksins á því ekkert skylt við einangrunarhyggju eða þjóðrembu. Hún byggir á raunsæu mati á því hvað þjónar hagsmunum Íslendinga best til langs tíma.

Ég sagði á Alþingi að það væri glapræði að ráðast í þennan leiðangur án þess að fyrir lægi

víðtækur stuðningur þjóðarinnar og afgerandi pólitísk forysta fyrir málinu. Þessi varnaðarorð hafa ræst.

Þeir sem nú kvarta sáran undan því að engin sé forystan í evrópuleiðangrinum verða því að leita annað en í okkar hús með sínar umkvartanir. Umsóknin var aldrei í boði Sjálfstæðisflokksins. Hún er í boði Steingríms J. og Vinstri-grænna.

Nú hefur ríkisstjórnin leitt okkur út í kostnaðarsaman leiðangur án baklands. Jafnvel fyrrverandi formaður Samfylkingarinnar sér að þegar svona er haldið á málunum er betur heima setið en af stað farið.

Við núverandi aðstæður væri réttast að leggja málið til hliðar, ekki bara vegna framkominna hótana um að ekkert verði af samkomulagi

nema við göngum að afarkostum Breta, heldur er líka mikilvægt að við nýtum alla okkar krafta til að sigrast á þeim efnahagserfiðleikum sem við er að glíma. Þegar því verkefni er farsælega lokið verða allar forsendur fyrir hendi til að meta afstöðu okkar til aðildar á ný þar sem þjóðin hefur verið höfð með í ráðum.

En ég vil jafnframt að eitt sé alveg skýrt hvað mögulegt framhald þessa máls varðar. Ef viðræður við Evrópusambandið halda áfram þá er það skylda okkar að beita okkur af aefli fyrir því að hagsmuna Íslands verði gætt í hvívetna í viðræðuferlinu. Þá mun Sjálfstæðisflokkurinn gera allt sem í hans valdi stendur til að sá samningur sem kann að verða gerður við Evrópusambandið verji hagsmuni okkar Íslendinga sem allra best. Þjóðin tekur svo afstöðu til samningsins.

Um þetta hljótum við öll að vera sammála.

Góðir Sjálfstæðismenn,

Við viljum búa í samfélagi sem gefur fullt tilefni til að við berum höfuðið hátt gagnvart öðrum þjóðum og mætum þeim á jafnréttisgrundvelli. Sterkt Ísland, jafningi í samfélagi þjóða.

Stóra spurningin er: Hvernig byggjum við upp slíkt samfélag? Við Íslendingar erum fámenn þjóð, og smæðinni er stundum kennt um það sem aflaga hefur farið.

En gleymum því ekki að það felast líka gæði í fámenninu.

Fámennið þjappar okkur saman og getur styrkt samfélagsvitund okkar og þjóðarstolt. Við viljum viðhalda þessum kostum. Og einmitt þess vegna

verðum við að taka fast á þeim hættum sem ávallt steðja að fámennri þjóð, ekki bara frá hendi náttúrunnar heldur einnig á viðskiptasviðinu, til dæmis á sviðum verslunar, fjölmiðlunar og fjármálastarfsemi.

Við eigum að setja lög gegn hringamyndun. Ásælni í markaðsráðandi stöðu á hverjum markaðnum á fætur öðrum á ekkert skilt við það frelsi sem við stöndum fyrir. Það þarf að byggja upp fjármálakerfi þar sem áhættan er ekki á kostnað almennings, heldur eigendanna sjálfra. Einfaldasta leiðin til að koma í veg fyrir að braskað sé með innlán fólksins í landinu er að skilja að starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingabanka. Það má gera með margvíslegum hætti.

Það, hvernig tekst til með þessi mál getur ráðið úrslitum um hvort við náum að verja alla helstu kosti þess að búa á þessu fámenna fallega landi.

Við viljum búa í öruggu samfélagi, þar sem ríkisvaldið stendur vörð um grundvallar hagsmuni okkar, en veitir okkur annars frelsi. Frelsi til athafna og atvinnu, frelsi til að einstaklingarnir geti skapað sér bjarta framtíð.

Sjálfstæðisflokkurinn berst fyrir þessu frelsi, hann berst fyrir frelsi, ábyrgð og umhyggju.

Góðir Sjálfstæðismenn.

Á undanförunum vikum hef ég ferðast um landið og hitt yfir þúsund manns í öllum landsfjórðungum . Á þessum fundum hefur

komið fram alls kyns gagnrýni en líka öflug hvatning til áframhaldandi góðra verka. Mikilvægasti tilgangur þessara funda var að gefa tækifæri til að ræða hvaðeina sem brennur á fólki.

Þessi landsfundur er haldinn með skömmum fyrirvara. Tílefnið var fyrst og fremst að kjósa þurfti nýjan varaformann en ég vildi grípa tækifærið og halda úti starfi í málefnanefndunum. Það verður gert hér á eftir. Í því sambandi langar mig til að rifja hér upp orð Jónasar Haralz, fyrrverandi miðstjórnarmanns, sem féllu árið 1973 þegar hann sagði:

„Það sem mér finnst áhyggjuefni varðandi Sjálfstæðisflokkinn er fyrst og fremst að hann notar ekki tímann nægilega vel til að undirbúa sig undir næstu stjórn. Þetta er í

rauninni miklu alvarlegra en það sem úr lagi fór, meðan hann var í ríkisstjórn. Flokkar, sem lengi sitja í ríkisstjórn eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefur gert, sinna ekki hugmyndafræðinni og grundvallarstefnunni nægilega. Þeir hafa svo mikið að gera við að stjórna, að annað er vanrækt.[...] Þetta er ein af ástæðum þess að ég tel mikilvægt að flokkar sitji ekki sífelld í stjórn, því utan stjórnar geta þeir hresst upp á grundvallarstefnuna, farið í nokkurs konar trimm.”

Þessi orð Jónasar eiga jafn vel við í dag eins og fyrir tæpum 40 árum síðar. Og hér síðar í dag ætlum við í slíkt trimm. Málefnnastarfið á þessum fundi verður með nýju sniði sem ég bið ykkur um að taka með opnum huga.

Mig langar að minna ykkur á að framundan eru gríðarlega stór verkefni sem við þurfum að takast á við. Grundvallar mál eins og sjálfstjórnarskráin, endurreisn efnahagslífsins gjaldmiðlamálin, stórar ákvarðanir í ríkisfjármálum og ýmislegt annað sem snýr að grunngerð samfélags okkar er undir.

Virk þátttaka ykkar og jákvætt hugarfar er lykillinn að því að vel takist til.

Stjórn málaályktun verður samþykkt hér á morgun þar sem meðal annars verður horft til þeirra áherslna sem fram koma í málefna starfinu í kvöld.

Og ég vil einnig minnast sérstaklega á að fyrir þessum fundi liggur tillaga um jafnréttisáætlun Sjálfstæðisflokksins sem tímabært er að samþykkja á landsfundi.

Kæru vinir, góðir landsfundarfulltrúar.

Í nýliðnum sveitarstjórnarkosningum náðist víða góður árangur. Og þótt baráttan væri erfið í mörgum byggðarlögum mætti ég á ferð minni um landið alls staðar sama baráttuandanum, sömub fullvissunni um að sjálfstæðisstefnan sé það sem muni að lokum leiða Ísland til bjartrar framtíðar.

En þessi góði árangur hefði ekki náðst nema fyrir samstöðu, þrotlausa vinnu og þrautseigju fólksins á hverjum stað sem vann myrkranna á milli til að kynna stefnu og sýn flokksins. Öll þessu fólki færi ég fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins bestu þakkir.

Því megum við aldrei gleyma sjálfstæðismenn, að þrátt fyrir áföll og gagnrýni, er fólk um allt land enn tilbúið til að berjast áfram, tilbúið til að leggja á sig ótrúlega vinnu til að móta betri framtíð fyrir Íslands. Styrkur Sjálfstæðisflokksins felst í því mikla og mikilvæga starfi sem fólk um allt land er tilbúið að leggja á sig. Þetta einbeitta baráttuprek þess veitir okkur hvatningu til að vinda okkur af einhug í verkefnin framundan.

Ég orðaði það svo hér fyrir ári síðan að ég vildi, að er við færum af fundinum, tækjum við með okkur von. Þegar við göngum af landsfundi nú, **veit ég** að við tökum með okkur ekki aðeins **von** heldur **vissu** um að Sjálfstæðisflokkurinn nái fyrri styrk undir merkjum frelsis, ábyrgðar og umhyggju.

Kæru landsfulltrúar.

Við lítum með aðdáun til baka á áræðni þeirra kynslóða sem á árum áður byggðu upp nýtt Ísland undir merkjum nýsköpunar og viðreisnar. En í dag er það hins vegar okkar hlutskipti að taka þessar djörfu ákvarðanir. Ákvarðanir sem geta varpað af efnahagslífinu þeim dróma sem skattahækkanir og ákvarðanafælni núverandi stjórnvalda drepa það sífellt fastar í.

Við erum komin hingað saman, á landsfund Sjálfstæðisflokksins, til að móta stefnu sem mun hafa áhrif á framtíð íslensku þjóðarinnar. Við verðum að sýna þor, dug og dirfsku, því nú eins og ætíð áður þegar hagsmunir Íslands eru í húfi, er aðeins ein leið sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur alltaf farið og mun alltaf fara: **Áfram.** **Áfram** til hagsældar, **Áfram** til velferðar, **Áfram**

til endurreisnar og uppbyggingar. -
Sjálfstæðismenn! Stöndum saman, **Áfram** til
framtíðar!

Þessi 39. landsfundur Sjálfstæðisflokksins er
settur.